

Skíðagöngufélagið Ullur

Fundargerð stjórnar



Dagsetning: 4. mars 2024. kl. 17:00-18:30

Staðsetning: Controlant. Hlíðarsmára.

Mætt voru: Ari Wendel (AW), Bergþóra Baldursdóttir (BB), Íris Marelsdóttir (ÍM) fundarritari, Málfríður Guðmundsdóttir (MG), Trausti Árnason (TÁ), Sigrún Melax (SM). Baldur Helgi Ingvarsson boðaði forföll. Einar Ólafsson var gestur fundarins fyrir hönd mótanefndar.

Málefni fundar

- Fundargerð frá 5. feb. lögð fram til samþykktar.** Samþykkt.
- Skíðagöngudagur 25. feb.** Dagurinn fór vel fram og ánægja var með framkvæmd. Hagnaður var af deginum. Stjórn samþykkir að halda svona dag ár hvert. Helst vantaði fjölmiðla. Einar Ólafs mun skila eignum norska sendiráðsins en við höfum skinn ofl. til láns fram yfir Bláfjallagöngu.
- Bikarmót var haldið 1-3 mars í Bláfjöllum.** Veður var gott og mótið fór vel fram. Mikill fjöldi kom í skálann og hagnaður var af veitingasölu. Það sem helst þarf að laga er að gera markið betra og etv þarf að fjárfesta í myndavél þannig að tímatökufólk geti betur fylgst með þeim sem eru að koma í mark. Bæta þarf skipulag er varðar búnað keppenda, t.d. hvar þeir leggja frá töskur og fjölga þarf snögum í báðum skálum. Gera þarf skilti fyrir frátekin starfsmannaborð í skála. Þá þarf að hefja vinnu við gerð skíðastanda fyrir utan skálann. ÍM fylgir því eftir. Ánægja var með framkvæmd mótsins.
- Bláfjallaganga 2024.** Einar Ólafsson fór yfir stöðu undirbúnings. M.a. legu brautar, lengd brautar (5, 10, 20, 40 km), staðsetningu drykkjarstöðva, markið og rástíma sem verður kl. 09 fyrir 40 km og kl.10 fyrir aðrar vegalengdir. Bláberjasúpa verður í boði í marki. Morgunverður í skála kl. 06.30 fyrir starfsmenn og farið yfir skipulag dagsins. Einar Ólafsson pantar verðlaun og sér um rafstöð og *soundbox*. Það þarf að bæta skráningu í gönguna en markmið er 300 þátttakendur. Umræða um markaðsáttak. Umræða um að panta Bláfjallagöngumerki til að setja á skíðin en það gæti verið of dýrt. Umræða um að á næsta ári verði framhaldsnámskeið í boði þar sem Bláfjallaganga er lokamarkmið og skráning innifalin í námskeiðsverði. Örfundir verða 8. mars og 13 mars með mótanefnd v. göngunnar.
- Bláfjallagöngukaffið.** Komin er umsjónarmaður með hlaðborði. Umræða um dagskrá og þess verður gætt að úthlutun útdráttarverðlauna taki ekki of mikinn tíma. Kaffihlaðborð er fyrst á dagskrá og í kjölfarið verðlaunaafhending. Hlaðborðið verður við sundlaugina í Úlfarsárdal og frítt í sund.
- Umsjón með nýjum skála og innkaup vegna hans.** AW kannar innkaupakort. Umræða um að kaupa peysur fyrir skálavakt (ómerkta). Ræða þarf umsjón skálans á aðalfundi Ullar.
- Brautargjald fyrir eldri borgara.** Stjórn er sammála að skrá ályktun er varðar að eldri borgarar (+67 ára) fái frítt í brautina. ÍM fylgir eftir.
- Mótsgjald á Andrés andar leika.** Hefur hækkað og lyftugjöld komin inn í verðið. Ekki sanngjarnt fyrir göngufólk. SM fylgir málinu frekar eftir. Þá vantar greiðsluseðla vegna skráningargjalda á mótum, AW fylgir eftir.

Fleira ekki bókað.

Fundi slitið 18